

## Fréttir frá aðalfundi Náttúruverndarsamtaka Suðurlands 2011

Aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Suðurlands var haldinn á Hótel Selfossi 5. maí 2011.

Í stjórn samtakanna voru kosin til eins árs : Elín Erlingsdóttir, Gunnar Ágúst Gunnarsson, Ingibjörg Elsa Björnsdóttir, Kjartan Ágústsson og Ólafía Jakobsdóttir.

Í varastjórn voru kosin: Bergur Sigurðsson, Daníel Magnússon og Ragnheiður Jónasdóttir.

Skoðunarmenn eru: Óskar Þór Sigurðsson og Sigurður Sigursveinsson.

Stjórnin skiptir með sér verkum á næsta stjórnarfundum eftir aðalfund, en fráfarandi formaður stjórnar er Ólafía Jakobsdóttir. Félagssvæði samtakanna eru Árnes- Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýsla og félagsmenn eru 90.

Í skýrslu formanns var fjallað um starfsemi samtakanna frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 6. júní 2009. Aðalfundur var ekki haldinn vorið 2010 eins og lög samtakanna gera ráð fyrir. Helsta ástæða þess var eldgosíð í Eyjafjallajökli og afleiðingar þess, öskufokið og áhrif þess á ferðalög fólks.

Stjórn NSS hélt þrjá formlega fundi á tímabilinu, en að öðru leyti hefur starf stjórnar samtakanna farið fram í tölvupósti, á símafundum og í símtölum milli stjórnarmanna.

Auk þess hafa stjórnarmenn mætt á ráðstefnur og fundi og sinnt umfangsmiklum störfum í nefndum og ráðum þar sem NSS á sæti fyrir hönd umhverfis- og náttúruverndarsamtaka.

Í skýrslu formanns kom fram að samtökin létu sig varða mörg málefni sem tengjast umhverfismálum og náttúruvernd á þessu langa starfstímabili og gerðar hafa verið umsagnir og athugasemdir um ýmis mál í nafni samtakanna. Þau helstu eru:

- Umsögn og athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013
- Þátttaka í undirbúningi með hagsmunaaðilum að stjórnsýslukæru á ákvörðun Umhverfisstofnunar um leyfi til sleppingar á erfðabreyttum lífverum.
- Birt grein um virkjanir á Hellisheiði og náttúruvernd í blaðinu Umhverfið.
- Mótmæli og athugasemdir vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins Ölfus á Bitru og aðliggjandi svæðum.
- Umsögn og athugasemdir við tillögu til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013, 200. mál.
- Athugasemdir við auglýsta tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2015.
- Athugasemdir við Rammaáætlun um vernd og nýtingu náttúrusvæða með áherslu á vatnsafl og jarðhitasvæði. Niðurstöður faghópa 2. áfanga.
- Athugasemdir við auglýsta tillögu að nýju aðalskipulagi Flóahrepps í fyrrum Villingaholtshreppi.
- Áskorun til stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs um bann við akstri um Vonarskarð.
- Umsögn og athugasemdir við stjórnunar og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, í maí 2010.
- Umsögn og athugasemdir við auglýst aðalskipulag Skaftárhrepps 2010-2022 í júní 2010.
- Athugasemdir við frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Þskj. 1280, 660 mál.
- Athugasemdir við frumvarp til laga um verndar- og nýtingaráætlun vegna virkjunar fallvatna og háhitasvæða. Þskj. 81, 77 mál.

- NSS var aðili að erindi til iðnaðarráðherra, dags. 17. mars 2010, þar sem skorað var á iðnaðarráðuneytið að veita upplýsingar um orkuöflun.
- Ályktun um vegagerð í Dyrhólahverfi, í febrúar 2011.
- Athugasemdir við drög að orkustefnu fyrir Ísland, í febrúar 2011.
- Ítrekun og athugasemd vegna vegagerðar í Dyrhólahverfi, í febrúar 2011.

Í skýrslunni var einnig fjallað um innra skipulag samtakanna og verkefnin framundan með eftirfarandi orðum:

*“Allt sem snýr að umhverfi og náttúru er til umræðu hjá samtökunum, en þar sem öll vinna stjórnarinnar er sjálfboðavinna, unnin af fólki í öðrum annasömum störfum verður að forgangsraða þeim málum sem unnið er að. Innri mál og skipulag samtakana hafa verið til umræðu hjá stjórn. Gott skipulag á starfsemi, ritun fundargerða og fjármálastjórn er forsenda fyrir góðri starfsemi samtakanna. Það verður væntanlega eitt af fyrstu verkum nýrrar stjórnar að setja sér starfsáætlun fram að aðalfundi 2012 og halda áfram vinnu um innra skipulag samtakanna.*

*Þá hefur einnig verið til umræðu að efla fræðslustarfsemi samtakana með því að halda málþing og ráðstefnur þar sem fjallað verði um mörg brýn mál.*

*Nokkur friðuð svæði hér á Suðurlandi eru í rauninni lönd án skipulagðrar umhirðu, af hálfu þeirra stjórnvalda sem með þau mál fara. Einnig hefur stjórn samtakanna rætt um hvernig háttað er stjórnslu umhverfismála, þar sem hvert rekst á annars horn í ákvarðanatöku, samanber það að á meðan vinna við Rammaáætlun stendur yfir keppast orkufyrirtækin um að afla sér rannsóknarleyfa á ósnortnum svæðum til að merkja sér þau áður en að kemur að flokkun svæðanna samkvæmt niðurstöðum Rammaáætlunar. Dæmi um slíka háttsemi er rannsóknarleyfið sem Orkstofnun veitti Suðurorku, á bak við tjöldin, í janúar 2010 á vatnasvæði Skaftár og Tungufljóts. Hluti þess svæðis sem rannsóknarleyfið nær yfir er nú á leiðinni inn í Vatnajökulspjóðgarð, samkvæmt tillögu á aðalskipulagi Skaftárhrepps sem enn er óstaðfest um ári eftir að það var auglýst.*

*Þrátt fyrir margvíslega erfiðleika og ósigr í baráttunni um náttúru Íslands hefur líka miðað vel áfram. Stofnaður hefur verið risastór þjóðgarður á hálendi Íslands, horfið hefur verið frá því að breyta Langasjó í miðlunarlón. Langisjór og nærliggjandi svæði verður innan þjóðgarðs, ásamt efri hluta Skaftár og norðurhluta Eldgjár, samkvæmt ákvörðun umhverfiráðuneytisins og Skaftárhrepps. Barátta náttúruverndarfólks fyrir friðun þessara svæða hefur virkilega borið árangur.*

*Baráttu okkar er þó hvergi nærri lokið, enn er sótt að náttúrunni með ágengum orkuframkvæmdum og því sem af þeim leiðir. Ölfusá, neðri hluti Þjórsár, Skaftá, Hólmsá, Hverfisfljót, Torfajökull og Kerlingarfjöll eru öll í skotlínu orkufyrirtækjanna.*

*Þess má að lokum geta að NSS veittu grasrótarsamtökum í Skaftárhreppi stuðning á síðasta ári til að stofna formleg samtök til stuðnings náttúru Skaftárhrepps. Samtökin heita Eldvötn – samtök um náttúruvernd í Skaftárhreppi. Þau er að stíga sín fyrstu skref í baráttunni og munu halda aðalfund sinn og málþing í júní mánuði nk.“*

Í lokaorðum skýrslunnar þakkaði formaður fráfarandi stjórn, varastjórn og félagsmönnum samtakanna fyrir gott samstarf á liðnu starfsári og þakkaði einnig öðrum samtökum um náttúruvernd fyrir gott samstarf og stuðning. „Höldum áfram að vinna vel saman, þannig stöndum við sterkari í baráttunni.“

Á aðalfundinum voru samþykktar fimm ályktanir:  
Ályktun um friðland að Fjallabaki og verndun Torfajökulsvæðisins.  
Ályktun um friðlandið í Dyrhólaey.  
Ályktun um stofnun svæða án erfðabreyttra lífvera.  
Ályktun um ræktun olíurepju á Íslandi.  
Ályktun um Vatnajökulspjóðgarð .

Að loknum aðalfundinum flutti Stefán Gíslason umhverfisfræðingur erindi undir fyrirsögninni „Einstaklingurinn og umhverfið - hver og einn skiptir máli! „